

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2004/87/EB

2008/EES/22/29

frá 7. september 2004

## um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að aðlaga III. viðauka við hana að tækniframförum (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur<sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefndina um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í apríl 2002 bætti framkvæmdastjórnin við 60 hárlitunarefnum, undir tilvísunarnúmerum 1 til 60, í 2. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE. Þar eð þörf var á frekari upplýsingum um öryggi þessara hárlitunarefna, svo vísindanefndin um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli (SCCNFP) gæti lokið áhættumati á þessum efnum, hefur verið veitt leyfi til að nota þessi hárlitunarefni í snyrtivörur til bráðabirgða fram til 30. september 2004.
- 2) Í desember 2002 setti vísindanefndin um snyrtivörur og aðrar neytendavörur grunnkröfur um nútímaáhættumat á hárlitunarefnum. Að höfðu samráði við aðildarríkin og hagsmunaaðila var samþykkt í desember 2003 að viðbótarupplýsingarnar um hárlitunarefni, sem uppfylla nýju kröfurnar, skyldu lagðar fyrir vísindanefndina um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli eigi síðar en í júlí 2005. Því verður að framlengja tímabilið fyrir upptöku þessara hárlitunarefna í 2. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE.
- 3) Því ber að breyta tilskipun 76/768/EBE til samræmis við þetta.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í 2. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE komi dagsetningin „31.12.2005“ í g-dálki fyrir tilvísunarnúmer 1 til 60 í stað „30.9.2004“.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. október 2004.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykka um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. september 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Olli REHN

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 287, 8.9.2004, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2005 frá 29. apríl 2005 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 46, 15.9.2005, bls. 28.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/83/EB (Stjtið. ESB L 238, 25.9.2003, bls. 23).